Orkan allt í kringum okkur

Skýrsla vegna Grænfánaverkefnis apríl 2015

NÁTTÚRULEIKSKÓLINN KRAKKAKOT

Efnisyfirlit

Náttúruleikskólinn Krakkakot 3
Grænfánanefnd og umhverfisráð barnanna 4
Staða umhverfismála á Krakkakoti 5
Verkefnið okkar orkan 8
Eldgos 8
Sjávarföll 9
Vindur 9
Verkefnavinna inn á deildum 10
Draumaland 10
Undraland 12
Bjarmaland 16
Álfaland 17
Heimaland 21
Kynning á umhverfisvernd 26
Lokaorð 27

Náttúruleikskólinn Krakkakot

Náttúruleikskólinn Krakkakot er sex deilda leikskóli en í þrjú ár hafa einungis fimm deildir verið í notkun í skólanum. Í Krakkakoti eru nú um 100 börn og 29 starfsmenn í 22 stöðugildum. Margt hefur breyst í starfsumhverfi okkar síðan við flögguðum Grænfánanum síðast í desember 2012. Leikskólinn er nú einn af leikskólum Garðabæjar eftir að sveitarfélagið Álftaness sameinaðist sveitarfélaginu Garðabæ áramótin 2012-2013. Þar erum við nú í öflugu samfélagi og samvinnu við aðra leikskóla Garðabæjar undir styrkri stjórn leikskólafulltrúa Garðabæjar sem er mikill ávinningur fyrir okkur. Við höfum þurft að setja okkur inn í nýtt sveitarfélag sem hefur tekið tíma en gengið vel. Það er okkar mat að sameiningin hafi gengið ákaflega vel og okkur hafi verið mjög vel tekið í hinu nýja sameinaða sveitarfélagi.

Áfram er gott og farsælt samstarf við leikskólann Holtakot og Álftanesskóla eins og undanfarin ár. Skólarnir eru allir „Skólar á grænni grein“ og vinna allir að sömu uppeldis og agastefnunni „Uppeldi til ábyrgðar“.

Frá sameiningu sveitarfélaganna hefur leikskólinn verið að taka inn yngri börn og það hefur kallað á endurskoðun innra starfs okkar og breytingar á dagskipulagi skólans. Þrjú undanfarin haust hafa börn um eins árs aldur verið að hefja skólagöngu sína í Krakkakoti.

Áherslur okkar í umhverfismennt er í stöðugri þróun og okkur hefur tekist að festa mjög í sessi t.d. flokkun á öllu sorpi og er sú vinna í stöðugri þróun. Okkur hefur ekki fundist skipta öllu máli að flagga Grænfánanum á tveggja ára fresti heldur höfum við frestað því eftir þörfum ef tími hefur ekki unnist til að klára öll verkefnin okkar og ljúka þeim með því að skila af okkur skýrslu. Nú er því verkefni lokið og við því tilbúin að taka við fánanum í fjórða sinn.

Grænfánanefnd og umhverfisráð barnanna

Á leikskólanum er starfandi umhverfisráð barnanna og Grænfánanefnd sem skipuð er starfsfólki leikskólans. Umhverfisráð barnanna er skipað elstu börnum leikskólans og það hefur verið fundað með þeim fjórum sinnum á tímabilinu en fundargerðir ekki skrifaðar. Börnin hafa svo farið inn á sínar deildir og miðlað því sem rætt var um á fundunum til hinna barnanna í samverustund. Börnin hafa einnig farið ásamt leikskólastjóra inn á yngri deildir leikskólans og miðlað upplýsingunum til þeirra sem staddir eru þar hverju sinni hvort sem það eru yngri börnin sjálf eða starfsfólk deildarinnar. Þó hefur okkur fundist árangursríkara að fara yfir málin inn á deildunum í samverustundum með öllum börnunum.

Það reyndist því miður oft og tíðum erfitt að finna tíma fyrir Grænfánanefndarfundi þannig að við gátum ekki fundað alveg jafn reglulega og við hefðum viljað. Það er einna helst vegna veikinda starfsmanna sem að oft getur reynst erfitt að funda en daglegt starf deildanna gengur alltaf fyrir fundarhöldum. Haldnir eru stuttir morgunfundir reglulega með deildarstjórum leikskólans og ef að þörf hefur verið á að koma skilaboðum inn á deildir varðandi verkefnið þá hefur þeim verið miðlað af þessum fundum. Nú eftir áramót hefur nefndinni þó gengið betur að funda. Okkur hefur ekki fundist ganga vel að hafa fulltrúa frá foreldrum í Grænfánanefnd þar sem að erfitt er að fá þau til þess að mæta enda hentar þetta eflaust illa fyrir foreldra sérstaklega þar sem að við erum að funda á vinnutíma þeirra flestra. Því er enginn foreldri í Grænfánanefnd í þetta skiptið. Fundargerðir nefndarinnar má sjá í fylgiskjölum.

Eftirfarandi starfsmenn leikskólans áttu sæti í Grænfánanefnd þetta misserið:

Elín Jóhannsdóttir, leiðbeinandi b Undralandi, formaður

Sæbjörg Einarsdóttir, leiðbeinandi Álfalandi

Steinunn Gunnarsdóttir, leiðbeinandi b Draumalandi

Nína Sif Gilsfjörð, leiðbeinandi Bjarmalandi

Þorgerður Nielsen, þroskaþjálfi Heimalandi

Hjördís Ólafsdóttir, leikskólastjóri

Staða umhverfismála á Krakkakoti

Eins og áður hefur komið fram þá flögguðum við síðast Grænfánanum 1. desember árið 2012. Þá tókum við einnig fyrir orkuna en annars konar orku. Við ákváðum að taka einn þáttinn úr fyrri Grænfánavinnunni og vinna áfram með hann en það er líkamsorkan. Við höfum á hverju sumri tileinkað júní mánuði hreyfingu og er júní því nú svokallaður hreyfimánuður Krakkakots. Það hefur verið búið til ákveðið skipulag þar sem deildirnar skiptast á að sjá um „morgunleikfimi“ sem að fer fram utandyra nema veðrið sé eitthvað mikið að stríða okkur þann daginn en þá nýtum við okkur samkomusal leikskólans.

Einnig eru Krakkakotsleikarnir haldnir árlega þar sem hönnuð er þrautabraut sem reynir á líkamlega hæfni barnanna. Þau fara í gegnum brautina og þegar þau hafa lokið henni fá þau verðlaunapening sem þau hafa gert sjálf úr verðlausum efniviði og orkubita í formi ávaxta. Þetta hefur mælst vel fyrir og eru þessir leikar eru í lok hreyfimánaðar ár hvert.

Einnig ákváðum við að efla vitund barnanna á að vera dugleg að drekka vatn og komu þau með vatnsbrúsa að heiman sem að þau hafa á sinni deild og drekka úr þegar þau vilja. Þetta hefur einnig sparað okkur uppvask á glösunum sem sífellt var verið að nota til þess að fá oft á tíðum einn lítinn vatnssopa.

Eftir fyrri verkefni á vegum Grænfánans búum við svo vel að hafa flokkunarstöð innanhúss líkt og lesa má um í fyrri verkefnaskýrslum okkar. Nú höfum við einnig bætt við okkur flokkunarstöð utanhúss þar sem við setjum endurvinnanlega efnið sem ekki nýtist til föndurgerðar. Gámaþjónustan þjónustar okkur og tæmir þá flokkunarstöð. Það hefur hingað til verið í verkahring leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra að fara með það sem safnast saman í tunnurnar innanhúss út í tunnurnar sem svo eru tæmdar af Gámaþjónustunni. En nú er það hver deild á leikskólanum sem ber ábyrgð á sinni tunnu innanhús og tæmir hana, þegar hún er full, í rétta tunnu utanhúss. Með þessu erum við að reyna að færa börnin einu skrefi lengra í flokkunarkerfinu. Við höfum ekki getað endurunnið allt það sem fellur til og hægt er að nýta til moltugerðar en nú tekur Gámaþjónustan einnig frá okkur nokkurt magn af lífrænum úrgangi til moltugerðar.

Hér hjá okkur í Krakkakoti er lagt upp með það að endurnýta sem flesta hluti meðal annars til föndurgerðar. Efniviðurinn hefur verið nýttur í föndur með börnunum en einnig hefur leikskólastjóri nýtt hann til föndurs jólagjafa fyrir starfsfólk.

Umhverfisgátlistinn fyrir „skóla á grænni grein“ var yfirfarinn af flest öllum starfsmönnum leikskólans. Við höfum ekki lagt upp með að börnin svari gátlistanum þar sem að okkur finnst það ekki alveg henta þeirra aldursbili. Við erum samkvæmt honum að standa okkur vel í flest öllu. Við höfum verið að reyna að bæta nýtni þegar kemur að innkaupum fyrir leikskólann en það hefur ekki alveg hentað í öllum tilfellum. Það hentar til dæmis ekki fyrir leikskólastarfið hjá okkur að kaupa mjólk í stórum umbúðum líkt og lagt er til í gátlistanum þar sem að það þýddi ansi margar aukaferðir fram í eldhús fyrir starfsfólkið sem myndi oft setja deildirnar í uppnám. Einnig höfum við prófað að láta fylla á tónerhylkin í prenturunum í stað þess að kaupa ný en það fór því miður illa með tækin og var því hætt. Þó er margt sem að hefur gengið vel, meðal annars er pappír mikið sparaður og eru öll bréf sem senda á foreldrum

send með tölvupósti. Tuskur og tauhandklæði eru notuð í stað pappírs. Einnig hafa innkaupin verið skoðuð með tilliti til þess að minnka mengun en það hefur gengið misvel. Við erum að sinna vel flest öllu sem snýr að meðhöndlun á rusli, og erum við í raun með þrjár flokkunarstöðvar. Inni á hverri deild eru tunnur sem notaðar eru til þess að flokka í. Ein „Gugga gráðuga“ sem tekur allt lífrænt sorp sem til fellur af deildinni nema það sem fer beint aftur inn í eldhús eftir hádegismatinn og gefið er dýrunum og það sem ekki má fara í moltugerðina. Hver deild tæmir svo sína „Guggu“ í moltugerðarkassann sem er staðsettur úti á leikskólalóðinni. Reynt er að stuðla að því á leikskólanum að umgengnin við umhverfið sé sem best. Bílstjórar eru minntir á það að drepa á bílunum sínum þegar þeir leggja þeim á bílastæðunum. Á göngunum fyrir framan sameiginlegt rými leikskólans eins og til dæmis salinn eru fötur með skóhlífum svo fólk geti notað til þess að hlífa gólfinu vilji það ekki fara úr útiskónum. Lagt er upp með það á leikskólanum að spara hvað mest við getum af þeirri orku sem að notuð er dagsdaglega. Ljós eru slökkt þegar birtan er nóg frá umhverfinu en hinsvegar höfum við ekki verið dugleg að leggja áherslu á að draga fyrir þegar dimmt er til þess að einangra. Reynt er að slökkva á öllum þeim tækjum sem að mögulegt er þegar farið er í frí.

Eldhúsið hefur einnig tekið stakkaskiptum síðan við sóttum síðast um Grænfánann. Allur matur er nú unninn frá grunni og gætt er að því að fara eftir tillögum embættis landlæknis varðandi samsetningu matardisksins. Næringarfræðingur hefur farið yfir matseðil leikskólans líkt og annarra leikskóla Garðabæjar. Nú fer allt lífrænt sorp sem að til fellur í eldhúsinu í lífræna endurvinnslutunnu sem Gámaþjónustan tekur hjá okkur. Matarafgangar eru nýttir til hins ýtrasta. Farið er vel yfir það hversu mikið er nóg og reynt að bruðla ekki með mat af neinu tagi. Plast, pappír, og málmur fer allur í endurvinnsluna. Rusl frá eldhúsinu fer nú út í tunnu einu sinni í viku og er það yfirleitt um það bil hálfur poki en áður var þetta um hálfur poki á dag. Þvottavélarnar eru fylltar áður en þær eru settar af stað. Þurrkarinn er ekki nýttur eins mikið og gert var þar sem að tekið hefur verið upp á því að hengja upp á snúrur eins mikið af honum og mögulegt er.

Verkefnið okkar orkan

Við tókum einnig fyrir orkuna í síðasta Grænfánaverkefninu okkar. Þá var unnið með líkamsorku, raforku, vatn, sólarorku, olíu og bensín. Okkur fannst kjörið að halda aðeins áfram með orkuna og höfum því verið að byggja ofan á það sem hafði verið gert. Við héldum áfram að byggja ofan á líkamsorku umræðuna og höldum nú sérstakan hreyfimánuð á hverju ári líkt og komið hefur fram.

Þær orkuauðlindir sem áttu hug okkar allan í þessu Grænfánaverkefni voru jarðorka í formi eldgosa, sjávarföll og vindorka.

Eldgos

Eldgos geta verið ógnvænleg og valdið miklum skaða. Eldgos er eitt af úrræðum jarðarinnar til þess að kæla sig. Það verður til kvika í iðrum jarðar sem að síðan leitar upp á yfirborðið því að hún er léttari en umhverfi sitt. Við fórum þó ekki svona djúpt í útskýringar fyrir börnin heldur héldum okkur meira við það sjónarspil sem að verður í eldgosum.

Við ákváðum að taka fyrir jarðorkuna og veltum því upp hvort að við ættum að skoða jarðhitann og útfæra hann á einhvern máta. En okkur fannst það mögulega frekar flókið viðfangsefni fyrir þann breiða aldurshóp sem er á leikskólanum. Þegar upp kom hugmyndin um að fræðast um eldgos þá fannst okkur það hljóma spennandi og margir fengu strax hugmyndir um útfærslu á því verkefni. Það vildi svo skemmtilega til að það fór að gjósa í Holuhrauni og því varð þetta meira ljóslifandi fyrir börnunum, sérstaklega þeim eldri.

Við nýttum okkur eitt erindi lagsins Þúsaldarljóð í vinnunni með eldgos. Eitt erindi lagsins fjallar um eldinn og er mjög magnþrungið á að hlusta og skapaði það ákveðna stemningu þegar verið var að vinna með eldgos. Lagið er samið af þeim bræðrum Sveinbirni I. og Tryggva M. Baldvinssonum.

Eldur

Eldurinn logar
langt niðri í jörðu
leitar að opinni slóð.
Æðir um ganga,
grefur sér leiðir,
glóandi, ólgandi blóð.

Spýtist úr gígum
með geigvænu öskri,
grásvörtum bólstrum af reyk.
Leiftrandi steinar,
logandi hraunið,
lifandi kraftur að leik.

En handann við sortann,
háskann og mökkinn,
sem heldimmur leggst yfir ból,
dansar á himni,
dátt yfir landi,
dirfskunnar leiftrandi sól.

Þúsaldarljóð, texti: Sveinbjörn I. Balvinsson

lag: Tryggvi M. Baldvinsson

Sjávarföll

Sjávarföll eiga sér stað vegna togkrafts tungls og sólar. Mismunurinn á þyngdarkraftinum veldur því að hafið bungast út á tveimur stöðum. Jörðin snýst svo í gegnum bungurnar tvær og verða þá flóð og fjara.

Við ákváðum að gaman væri að taka sjávarföllin fyrir þar sem að við búum svo vel að vera í nálægð við sjóinn þar sem að hann umlykur okkur hér á Álftanesinu. Það reyndist þó mögulega ekki hafa verið alveg nógu góð ákvörðun þar sem að það reyndist erfitt að finna leið til þess að vinna það með börnunum. Við fórum með allan leikskólann í fjöruferð til þess að setja flotkúlu í fjöruna. Einnig var sett spýta í fjöruborðið þegar komið var í fjöruna og hún aftur skoðuð þegar verið var að fara úr fjörunni en þá hafði fallið frá henni. Síðar sama dag fór starfsmaður í fjöruna og tók myndir af henni þegar það var komið háflóð. Flestar deildir létu það bara duga þegar kom að sjávarföllunum.

Vindur

Vindorkan er endurnýjanleg orkulind vegna þess að náttúran heldur henni sjálf í jafnvægi og því er ekki hætta á að hún „klárist“. Vindorkan er hreyfiorka vindsins. Við mannverurnar höfum til langs tíma nýtt okkur orku vindsins meðal annars til siglinga. Vindmyllur hafa einnig verið í notkun til fjölda ára. Áður fyrr voru þær meðal annars notaðar til þess að mala korn en nú til dags sinna þær einna helst því hlutverki að framleiða raforku.

Verkefnið um vindinn þróaðist sjálfkrafa á þann hátt að það snerist um að mæla vindinn. Hver deild gerði sinn vindhana sem sjáanlegur er af deildinni og geta börnin því fylgst með því hvernig vindurinn hagar sér. Einnig gerðu þau sína eigin vindhana sem að þau fóru svo með út og mældu vindinn. Þetta reyndist vera gott verkefni fyrir börnin þar sem að vindhanarnir gera vindinn „sýnilegri“ fyrir börnunum.

Einn faðirinn á leikskólanum var svo indæll að hanna og smíða fyrir okkur vindmyllu sem að við getum farið með út og sett á stallinn sinn sem er á grindverkinu fyrir framan leikskólann og þar snýst hún í vindinum og framleiðir rafmagn sem að kveikir á peru sem föst er á vindmyllunni. Við höfum þó ekki enn haft tækifæri til þess að fara út með vindmylluna þar sem að ótrúlegt en satt þá hefur næstum verið logn síðan við fengum hana. Við munum þó skella okkur út í fyrsta roki til þess að prófa hana. Við höfum þó sýnt börnunum hana og útskýrt hvernig hún virkar.

Verkefnavinna inn á deildum

Það var eitthvað aðeins misjafnt eftir deildum hvernig þær unnu þetta verkefni þó að það væru flest verkefnin sem voru unnin á svipaðan máta. Á leikskólanum eru eins og áður segir fimm deildir, tvær yngri, ein mið og tvær eldri. Á yngri deildunum eru börnin frá eins árs upp í að verða þriggja ára. Á mið deildinni eru þau þriggja og upp í fjögurra ára. Elstu deildarnar eru þá með tvo elstu árgangana eða börn frá fjögurra ára til að verða sex ára.

Draumaland

Er önnur af tveimur yngri deildunum. Á draumalandi höfum við verið að vinna með orkuna eins og aðrar deildar leikskólans. Við byrjuðum verkefnið á því að sýna börnunum myndband af eldgosi á netinu en þeim fannst það mjög spennandi. Þau eru tiltölulega ung og því ekki mikið tækifæri fyrir mikla umræðu um eldgosið en þau sýndu því samt mikinn áhuga og reyndu að ræða það á sínu eigin „tungumáli“ en börnin eru á aldrinum eins til tveggja ára. Við fengum svo lánaða Vísindabók Villa og gerðum tilraun með að gera okkar eigin eldgos en í eldgosið var notað hveiti, edik, matarsódi og svo rauður matarlitur en matarliturinn gerði þetta svona aðeins raunverulegra. Þetta fannst þeim mjög gaman að sjá og voru þau alveg stjörf yfir þessu. Þau hafa einnig litað eldgosa myndir og við nýttum samverustundirnar vel í að ræða um eldgos. Við reyndum að kenna þeim eitt erindi lagsins Þúsaldarljóð sem fjallar um eldgos en það gekk ekki alveg eftir þar sem að þetta reyndist vera of flókið lag fyrir þau en þau fengu oft á tíðum að hlusta á lagið.



Við tókum svo sjávarorkuna fyrir. Farið var í fjöruferð með elstu börnin á deildinni ásamt eldri deildum leikskólans síðastliðið vor og þar fengu þau að sjá sjóinn fjara út. Við útskýrðum einnig fyrir þeim hverskonar orka sjávarföllin eru og hvað það er sem stýrir þeim.

Þegar kom að því að fjalla um vindorkuna við börnin þá reyndist það vera mun betra verkefni fyrir þann aldurshóp sem við erum með. Við föndruðum vindmyllu úr plastdósum og tókum svo poka utan af bleium sem við klipptum í ræmur og festum á plastdósirnar. Síðan fórum við með vindmylluna okkar út í garð og festum hana á ljósastaurinn sem við sjáum út um gluggann á deildinni okkar og hafa börnin svo verið að fylgjast með böndunum á vindmyllunni blakta í vindinum.

Börnin föndruðu svo sínar eigin vindmyllur. Þau klipptu niður plastpoka og festu á rör. Þau fóru svo með vindmyllurnar sínar út og athuguðu hvernig vindurinn var.

Við höfum verið dugleg að flokka inn á deild og börnin koma svo með okkur fram í sal þar sem við setjum allt í rétta tunnu ásamt því að fylgjast með þeirri tunnu sem að við berum ábyrgð á hverju sinni.



Við fjöllum einnig oft um hreyfiorkuna. Við reynum að kenna börnunum að til þess að hafa orku til þess að hreyfa sig þá verðum við að vera dugleg að borða hollan og góðan mat. Við höfum einnig reynt að hafa stundum samverustundir með smá leikfimisívafi þar sem að við reynum að fá þau til þess að hreyfa sig. Einnig ræðum við um hvað sé hollt og hvað ekki og að hvíld sé mikilvæg fyrir okkur til þess að safna orku.

Undraland

Er hin yngri deildin. Við hófum Grænfánavinnu deildarinnar að fullu í apríl 2014. Við byrjuðum á að nýta okkur spjaldtölvuna og sýndum börnunum myndband á you-tube af elgosi. Þetta vakti mikla lukku og ekki skemmdi fyrir að það var gott hljóð og því miklar drunur sem börnunum fannst sérlega spennandi. Síðan var gert eldgos úr hráefnum sem að fengin voru úr eldhúsinu. Uppskriftin af eldgosinu var fengin úr Vísindabók Villa. Við gerðum þessa tilraun nokkru sinnum.

Í kjölfarið af tilraununum með eldgosið var farið í það að leyfa börnunum að föndra sín eigin eldfjöll sem síðan voru látin „gjósa“. Eldfjöllin voru gerð úr endurnýttum krukkum sem síðan var settur leir utan um og að lokum málað.

Eldfjöllin voru svo notuð á opnum degi leikskólans og var aðstandendum barnanna þá gefið tækifæri til þess að búa til eldgos með börnunum sínum í eldfjöllunum sem að þau höfðu búið til.

Síðan var ákveðið að taka sjávarföll. Okkur reyndist erfitt að útfæra það. Við vorum með börn á aldrinum eins að verða tveggja til tveggja að verða þriggja ára. Við fundum ekki upp á góðri leið til að leysa það verkefni af hendi. Leikskólinn fór í fjöruferð og við skelltum okkur með elstu börnin og létum það duga.

Vindorkan var loka viðfangsefnið sem við tókum fyrir í Grænfánanum. Það var skemmtilegt að vinna það verkefni með börnunum og var það ekki mikill vandi þrátt fyrir ungan aldur. Við hófum verkefnið þannig að við bjuggum til vindbelg úr tveimur dollum, bónuspoka og jólaskrautslengju. Við hengdum svo vindbelginn á grindverkið þar sem við sjáum það út um gluggann á deildinni okkar.

Börnin gerðu einnig sínar eigin veifur úr afrifum af plastpokum sem festar voru á rör. Við fórum svo út með veifurnar til þess að athuga hvort að það væri einhver vindur.

„Vindverkið mikla“ var svo búið til af börnunum. Stórt og langt blað var sett á borð inn í listakrók og börnin voru svo beðin um að mála vindinn. Þegar listaverkið var orðið þurrt þá var það lagt á gólfið og börnin límdu á það veifur til þess að sjá hvort það væri vindur. Verkið var svo hengt upp inni í fataklefa og þegar það kemur vindur inn um útihurðarnar þá blakta veifurnar.

Við sinnum vel flokkuninni inn á deild og setjum alla afganga í Gugguna okkar sem þangað mega fara. Við söfnum svo saman endurvinnanlegu efni sem á að fara í flokkunina frammi og förum svo með það reglulega í rétta tunnu þar ásamt því að fylgjast með og tæma þá tunnu sem við eigum hverju sinni.

Við höfum einnig verið að brýna fyrir börnunum að vera dugleg að drekka vatn. Við buðum foreldrum að koma með vatnsbrúsa fyrir börnin sem við geymum svo upp í hillu fyrir sjónum barnanna og þau biðja okkur um vatnsbrúsana ef þeim langar að fá sér vatnssopa. Þetta hefur mælst vel fyrir en því miður eru ekki alveg öll börnin með brúsa en vonandi fer það að breytast.

Bjarmaland

Er mið deildin. Við gerðum nokkrum sinnum tilraun upp úr Vísindabók Villa í apríl 2014 en í hana er notað hveiti, matarsódi, borðedik og matarlitur. Innihaldsefnin eru sett í glas og svo er glasið sett ofan í stóra skál. Það kom líka þetta fína elgos. „Hraunið“ ruddi sér leið upp úr glasinu og lak meðfram og fór ofan í skálina. Við gerðum tilraunina í fataklefanum og settust börnin öll í hólfið sitt þannig að allir hefðu sem besta sýn á gosið. Við gerðum 2 eldgos, eitt rautt og eitt blátt. Við höfum líka verið að sýna þeim alvöru eldgos í spjaldtölvunni og tekið fyrir eldgosumræðu í samverustund. Tilraunin var einnig tekin upp á spjaldtölvuna og hafa börnin fengið að skoða hana aftur á henni.

Okkur fannst erfitt að fjalla um sjávarföllin og við ákváðum að láta ferðina sem allur leikskólinn fór í fjöruna duga hjá okkur.

Í mars 2015 tókum við fyrir verkefnið um vindinn og gerðum vindhörpu sem við hengdum á þakskyggnið við gluggan hjá okkur inn á deild. Þar getum við fylgst með vindinum óma þegar það blæs úti. Vindharpan er gerð úr plastdós, krullubandi, gostöppum og kuðungum. Böndin voru hengd þannig á að þau koma óreglulega löng niður úr plastdósinni. Börnin fengu að raða töppunum og kuðungunum á böndin og starfsmaður límdi þá á með límbyssu. Við ræddum hvað það væri sem að vindharpan ætti að gera og það var til dæmis að spila tónlist í vindinum.

Börnin gerðu einnig sínar eigin veifur hvert fyrir sig sem við fórum síðan með út til þess að mæla vindinn. Veifurnar voru gerðar úr matarprjónum sem við límdum svo allskonar afklippur á til dæmis af blautþurrkupakkningum og kaffipokum. Börnin völdu sjálf hvernig þeirra veifa ætti að vera og starfsmaður hjálpaði til við að líma á prjóninn það sem börnin vildu hafa á honum. Útkoman var því mismunandi og eftir höfði hvers barns.

Við erum dugleg að flokka allt endurvinnanlegt efni inni á deild hjá okkur og förum svo með það fram í flokkunarstöðina okkar þar sem við flokkum það enn frekar með börnunum. Við erum einnig með tunnu fyrir lífrænt sorp sem við svo förum með á hverjum föstudegi í moltugerðina. Við líkt og aðra deildir erum dugleg að nýta alls konar endurnýtanlegan efnivið í föndurgerðina okkar.

Álfaland

Er önnur af eldri deildunum. Vorið 2014 hófum við að skoða eldgosin. Við líkt og aðrar deildir leikskólans byrjuðum á því að kynna fyrir börnunum eldgos. Við nýttum okkur tæknina sem stendur til boða og gripum spjaldtölvuna okkar. Við fórum á youtube og fundum þar myndband af eldgosi. Síðan var gerð tilraun með að gera eldgos líkt og hinar deildirnar gerðu einnig. En sú tilraun var upprunnin úr Vísindabók Villa. Börnunum fannst þetta mjög skemmtilegt verkefni og sköpuðust góðar umræður upp úr þessu en því miður fannst okkur ekki gefast tími fyrir verkefnið þá en við héldum samt alltaf umræðunni á lofti. Núna í febrúar fórum við svo aftur að skoða eldgosin fyrir alvöru. Börnin teiknuðu eitt stórt eldfjall og máluðu það saman. Síðan teiknuðu börnin sína mynd hvert með vaxlitum og vatnslituðu svo yfir. Á meðan við vorum að vinna þessar eldgosmyndir þá spiluðum við erindið eldurinn logar úr laginu Þúsaldarljóð, en það gerðum við til þess að skapa tilfinningu fyrir verkefninu.

Sjávarföllin var svolítið erfitt verkefni að fræða börnin um en okkur fannst við samt leysa það nokkuð vel. Byrjað var á að ganga niður í fjöru og sjávarstaðan var skoðuð. Við skoðuðum hvar þarinn var og ræddum hvernig hann hafði komist efst í fjöruna.

Við settum spýtu við sjávarborðið þegar komið var í fjöruna og fylgdumst með því hvernig sjórinn fjarlægðist spýtuna. Við settum einnig gult flotholt við stein í fjörunni um morguninn þegar við vorum þar en svo fór starfsmaður um kl 15:00 og tók myndir af flotholtinu okkar sem þá var í rauninni langt út í sjó. Við ræddum við börnin um að tunglið og sólin toguðu í sjóinn og þess vegna væri flóð og fjara.

Við bjuggum til vindhana sem að festur er á hliðið fyrir utan deildina okkar þannig að við getum fylgst með því hvernig vindurinn blæs. Hann er gerður úr tómri dollu og loki úr eldhúsinu og svo festum við á hana músastiga sem að hangir niður úr dollunni. Músastiginn er úr plastpokum svo að hann þoli íslenska veðráttu.

Öll börnin fengu svo að búa til sínar eigin vindrellur sem við fórum með út og athuguðum hvernig vindurinn hagaði sér, efast þó um að þær þoli íslensku rigninguna jafnvel og vindhaninn okkar. Börnin bjuggu spaðana til úr forsíðum af gömlum dvd hulstrum sem að okkur höfðu áskotnast. Síðan skrúfuðu þau spaðana fasta við plastdósir úr eldhúsinu.

Við unnum aðeins hugtakavinnu með orð yfir vind/veður. Við fórum yfir vindstig og hvaða orð væru notuð yfir vindhraðann. Fundum töflu í gamalli dagbók sem að sýndi hugtökin. Skrifuðum eitt veðurhugtak á strimla og skráðum vindstigin til dæmis gola 3 og stormur 10 á strimlana.

Við á Álfalandi erum dugleg að sinna þeirri flokkun sem lagt hefur verið upp með eftir önnur Grænfánaverkefni. Við flokkum inn á deild og förum svo með allt endurvinnanlega efnið fram í flokkunarstöðina þar. Síðan fylgjumst við með þeirri tunnu sem að við berum ábyrgð á hverju sinni á tveggja vikna fresti og tæmum hana þegar þarf í flokkunarstöðina úti. Við höfum líka verið að fræða börnin okkar um uppskerur og hvernig t.d. kartöflur spíra. Við skrifuðum litla sögu sem er reglulega lesin fyrir börnin. Einnig höfum við verið að kenna börnunum um trén, hvernig ræturnar þeirra eru, hvaða hlutverki þær gegna og hvað þau þurfa til að vaxa og dafna.



Um jólin var farið í það að endurvinna pappír. Börnin bjuggu til fallegar skálar úr pappamassanum sem að þau gáfu svo foreldrum sínum í jólagjöf. Einnig gerðu þau gjafakortin úr pappamassa.

Heimaland

Er hin eldri deildin. Síðastliðið vor skelltum við okkur í eldgos umræðuna líkt og lagt var upp með af hálfu Grænfánanefndarinnar. Þegar við erum að fræða börnin um þau verkefni sem liggja fyrir líkt og í Grænfánavinnunni leggjum við upp með að nota opnar spurningar til barnanna. Við byrjuðum eldgos verkefnið með spurningunni Hvernig myndast eldgos?. Þau hlustuðu mikið á erindi úr lagi bræðranna Sveinbjörns I. og Tryggva M. Baldvinssonar en það er lagið Púsaldarljóð. En þau kunna bæði lag og texta mjög vel. Við framkvæmdum eldgos úr matarsóda, matarlit, hveiti og ediki en það vakti mikla lukku og fannst börnunum það skemmtilegt.

Börnin föndruðu svo eldgos krukkur fyrir sprittkerti en þegar að kveikt er á kertinu í krukkunni þá er líkt og eldgos eigi sér stað utan á krukkunni.

Farið var í ferð í fjöruna með öðrum deildum leikskólans og skoðað hvernig tunglið og sólin toga í sjóinn. Við fórum ekki djúpt í þetta verkefni þar sem okkur fannst erfitt að útfæra þetta.

Okkur finnst gott að vinna með opnar spurningar í verkefnum okkar með börnunum. Þegar kom að verkefninu um vindinn unnum við meðal annars út frá spurningunum:

- Hvaðan kemur vindurinn ?
- Hvert fer hann ?
- Getum við veitt hann ?
- Getum við séð vindinn?
- Hvað er vindur?
- Hvað er loft?
- Getum við lyft einhverju upp með lofti?
- Er loft létt eða þungt?

Við bjuggum til óróa úr skeljum og steinum, settum hann upp úti undir þakskyggni þar sem við gátum fylgst með honum, hvernig hann hreyfðist með mismunandi hraða eftir veðri og vindum. Hvað var að gerast, hvað hafði áhrif á hvernig óróinn hreyfðist?

Börnin bjuggu til rellur úr forsíðum af gömlum dvd hulstrum sem síðan voru skrúfaðar á meðalstórar plastdollur.

Börnin fóru síðan öll út, hver með sína rellu og fylgdust með hvernig spaðarnir á þeim hreyfðust þegar þeim var snúið upp í vindinn. En þegar þeim var snúið undan vindinum gerðist ekkert. Af hverju?

Einn drengurinn í hópnum hafði orð á því að þetta hefði verið besti dagur lífs síns og þegar hann var spurður af hverju, sagði hann „af því ég fékk að fara út með relluna mína og hún virkaði“.

Við ákváðum að taka aðeins annan vinkil á umræðuna um vindinn heldur en gert var með hin viðfangsefnin. Við studdumst við bókina og tónlistarævintýrið Veiða vind eftir Rakel Helmdal. Bókin fjallar um dreng sem notar ímyndunaraflið og segist vera Ólafur riddarakross. Hann fer á flug í huganum og hittir fyrir allskyns verur á vegi hans og að lokum þeysist hann um á drekabaki með vindinn í fangið. Með bókinni fylgdi diskur með tónlistarævintýrinu. Börnin höfðu mjög gaman af þessu ævintýri og hlustuðu mjög mikið á það.

Við ákváðum svo að láta á þetta reyna. Við fórum út í óveður og leituðum svara við spurningunni „Er hægt að veiða vind í poka?“. Við komumst að því að það gekk ekki alveg en fljótlega kom ný uppgötvun þegar mikið var búið að hlaupa upp og niður og allt um kring „Vá, það var hægt að veiða vind.“

Við unnum svo enn frekar út frá ævintýrinu og einn starfsmaðurinn saumaði dreka sem síðan var hengdur upp í loftið inni á deildinni. Börnin bjuggu svo til ýmislegt sem að kom fyrir í ævintýrinu og hengdum við það upp á vegg.

Börnin bjuggu svo til ógrynni af skutlum sem síðan voru látnar fljúga um deildina og samhliða veltum við fyrir okkur spurningunni „Hvað lætur þær fljúga?“

Við höfum einnig verið að vinna með hugtök sem snúa að veðri. Við lögðum upp með að hafa ekki of mörg hugtök þar sem að það myndi ekki henta börnunum. Við vorum með orð vikunnar. Orðin sem við notuðum yfir vind voru meðal annars gola, rok, kári og stormur. Við vorum einnig með orð vikunnar yfir snjó eins og til dæmis snjór, mugga, frost og haglél.

Við héldum aðeins áfram með orku umræðuna eftir síðasta Grænfánaverkefni og athuguðum hvort að það myndi vaxa eplatré upp af eplasteinum. Við sáðum eplasteinum úr eplum sem að börnin höfðu borðað í ávaxtastund. Börnin sáu svo um að vökva og fylgdust með eplatrésplöntunni sinni vaxa og dafna.

Við höfum einnig prófað að endurnýta pappír og vekur það verkefni mikla lukku hjá börnunum. Pappírinn er tættur í tætara og síðan lagður í bleyti í tvo daga. Börnin tættu síðan pappírinn enn frekar í bleytunni og að lokum voru búin til blöð sem að börnin teiknuðu og máluðu á.

Kynning á umhverfisvernd

Mikilvægt er að fræða samfélagið í kringum sig en ekki bara aðeins þá sem að leikskólanum koma. Þann 25. Nóvember 2011 var haldinn hádegisverðarfundur í sal leikskólans. Þeir sem fluttu erindi á fundinum voru Hjördís Ólafsdóttir leikskólastjóri, Orri Páll frá Landvernd og fulltrúi frá Gámaþjónustunni. Á fundinn voru boðaðir þáverandi bæjarstjórnarfólk Sveitarfélagsins Álftanes og stjórnendur stofnanna sveitarfélagsins. Hér má sjá dagskrá fundarins:

Hádegisverðarfundur í Krakkakoti föstudaginn 25. Nóvember 2011.

Dagskrá:

Kl. 12:00 Hjördís býður gesti velkomna

Kl. 12:10 Hádegisverður. Íslensk kjötsúpa að hætti Hildar.

Kl. 12:30 Orri Páll frá Landvernd segir frá Grænfánaverkefninu

Kl. 12:40 Fulltrúi frá Gámaþjónustunni kemur í heimsókn og fræðir okkur um sorphirðu og hvað við Álftnesingar þurfum til að geta flokkað sorp frá öllum heimilum í sveitarfélaginu.

Kl.12:50 Ævintýrahópur kemur fram í sal með óflokkað rusl með sér.Leggja frá sér ruslið og geyma. Fara upp á svið og syngja fyrir gesti.

Byrja á því að syngja Krakkakotssönginn okkar og Á íslensku má alltaf finna svar. Þegar því er lokið þá sýna þau fundarmönnum hvernig þau flokka rusl.

Flokkunarstöðin verður frammi í sal.

Vorið 2014 fór starfsfólk leikskólans í námsferð til Toronto í Kanada. Við færðum þeim leikskólum sem við heimsóttum gjafir til þess að þakka fyrir móttökurnar og nýttum við tækifærið og færðum þeim gjafir sem að snerta þá verkefnavinnu sem við höfum verið að gera vegna Grænfánans. Við færðum þeim endurnýttar krukkur sem að heklað hafði verið utan um til þess að minna á endurvinnsluna. Einnig færðum við þeim hraunmola úr Gálagahrauni ásamt smá upplýsingum um aldur þess og uppruna. Tryggvi M. Baldvinsson var svo almennilegur að fjölfalda nokkra diska með laginu Þúsaldarljóð sem við færðum þeim svo einnig.

Við höfum verið dugleg að reyna að fræða foreldra barnanna um þau verkefni sem við erum að vinna hverju sinni og um umhverfisvernd. Leikskólastjóri sendir foreldrum reglulega vikupistla þar sem foreldrum er gefið innsýn inn í leikskólastarfið. Einnig er haldið opið hús í byrjun maí þar sem fólki er gefin kostur á að koma og skoða leikskólann og sjá þau verkefni sem við höfum verið að vinna.

Lokaorð

Þegar kemur að því að taka saman það sem við höfum unnið að í tengslum við verkefnið okkar „Orkan“ sjáum við að margt hefur verið gert til að tengja börnin betur þeim náttúruundrum sem við búum við hér á jörðinni. Náttúruöfl sem geta leyst úr læðingi mikla orku og hvernig við mennirnir getum nýtt okkur hana og hversu mikil áhrif hún getur haft á okkur samanber eldsumbrot.

Verkefni sem þetta getur fléttast inn í allt daglegt starf leikskólans. Margt af því sem við höfum rætt og velt fyrir okkur fer fram í daglegum samræðum og vangaveltum barnanna og því ekki endilega skráð hér. Kennararnir verða meðvitaðri í að spyrja opinna spurninga varðandi t.d. veður og vind og allt það sem kemur upp í samræðum við börnin og við getum tengt verkefninu. Nú er komið að lokum þessa verkefnis og við hlökkum til að takast á við það næsta, en allt það sem við höfum tileinkað okkur við vinnu þessa verkefnis tökum við með okkur og höldum örugglega áfram að þróa það sem við erum farin af stað með í þessu verkefni líkt og við höfum verið að þróa fyrri verkefni þó þeim sé formlega lokið.

Elín Jóhannsdóttir,

verkefnastjóri með „Grænfánavinnunni„ í Náttúruleikskólanum Krakkakoti árin 2013-2015.